

8. gr.

Sá halli, sem verða kann af heimilishjálpi, sem veitt er samkvæmt lögum um heimilishjálpi í viðlögum og samþykkt þessari, greiðist að $\frac{1}{3}$ úr ríkissjóði en $\frac{2}{3}$ úr sveitarsjóði hreppsins.

Reglugerð þessi, sem samþykkt er af hreppsnefnd Höfðahrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 10 25. janúar 1952, um heimilishjálpi og birtist til eftirbreytni þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 26. janúar 1962.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Jón S. Ólafsson.

REGLUGERÐ

um heimilishjálpi í Presthólahreppi, Norður-Pingeyjarsýslu.

1. gr.

Hreppsnefnd Presthólahrepps fer með stjórn heimilishjálpar í Presthólahreppi. Dagleg umsjón, með framkvæmdum heimilishjálparinnar, er í höndum þar til kjörinnar framkvæmdanefndar, innan kvenfélagsins Stjarnan, Presthólahreppi.

Framkvæmdanefndin eða einstakir meðlimir hennar, eiga rétt á að sitja fundi hreppsnefndarinnar, þegar rædd eru mál, sem varða heimilishjálpinu og hafa þar málfrelsi og tillögurétt.

2. gr.

Hlutverk heimilishjálparinnar er að veita hjálpi á heimilum um stundarsakir, þegar veikindi, slys, barnsfæðingar eða eitthvað óvænt ber að höndum. Hjálpin skal veitt svo lengi sem framkvæmdanefndin telur nauðsynlegt, sé þess kostur.

3. gr.

Framkvædanefndin skal ætíð leitast við að hafa eina konu til taks, til heimilishjálpar. Ber nefndinni að ganga úr skugga um, að konur þær, sem ráðnar eru, séu hæfar til starfsins, og ekki haldnar smitandi sjúkdómum.

4. gr.

Framkvæmdanefnd getur leitað samninga um launakjör og hlunnindi hjálparstúlku, er að heimilishjálpi vinnur, en fullt gildi hafa þeir samningar þá fyrst, er hreppsnefndin hefur samþykkt þá.

Reikningar skulu endurskoðaðir árlega, með sama hætti og reikningar sveitar-sjóðsins.

5. gr.

Hreppsnefnd getur veitt eftirgjöf á greiðslu fyrir veitta aðstoð á heimilum að nokkru eða öllu leyti, að fengnum tillögum framkvæmdanefndar. Hreppsnefndin setur og nánari reglur um greiðslur, innheimtu og annað, er hún telur máli skipta.

6. gr.

Sá halli, sem verða kann af heimilishjálpi, greiðist að $\frac{1}{3}$ úr ríkissjóði, en $\frac{2}{3}$ úr sveitarsjóði Presthólahrepps.

Reglugerð þessi, sem hreppsnefnd Presthólahrepps hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 10 25. jan. 1952, um heimilishjálp, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 31. janúar 1962

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Jón S. Ólafsson.

AUGLÝSING

um breyting á samþykktum Sjúkrasamlags Reykjavíkur, nr. 13 26. sept. 1958.

1. Önnur málsgr. 7. tl. 11. gr. samþykktu S.R., er staðfestar voru 27. sept. 1958, orðist svo:

„Sjúkradagpeningar nema kr. 57.00 á dag fyrir einhleypan mann eða konu, kr. 64.00 á dag fyrir kvæntan mann eða gifta konu (sbr. þó 7. málsgr. hér á eftir a-lið), og kr. 7.00 fyrir hvert barn, allt að þrem sem er á framfæri hins sjúka og tryggt með honum, sbr. 1. gr. samþykktanna.“

2. Áttunda málsgr. 7. tl. 11. gr. samþykktanna orðist svo:

„Nú dvelst hinn sjúki í sjúkrahúsi eða hæli, þar sem samlagið eða ríkisframfærslan greiða fyrir hann að nokkru eða öllu leyti og lækka þá dagpeningar hans um 80%, ef hann er einhleypur, en nema hálfum dagpeningum einhleyps manns, ef hann er kvæntur. Dagpeningar giftrar konu falli niður, en dagpeningar vegna barna haldast óskertir.“

Framangreind breyting á samþykkt Sjúkrasamlags Reykjavíkur staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 13 31. marz 1960, um breyting á lögum nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld auglýsing, dags. 4. apríl 1960, um breyting á samþykktum Sjúkrasamlags Reykjavíkur, nr. 13 26. sept. 1958.

Félagsmálaráðuneytið, 8. febrúar 1962.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.